



Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Vor 2008

Félag kvenna í fræðslustörfum

Vorþing 2008

Vorþing 2008 verður haldið í Menntaskólanum í Kópavogi laugardaginn 17. maí nk. milli kl. 9:30 og 15:30. Þema þingsins er fjölmening og ber það yfirskriftina:

Heimurinn er heima - íslensk fjölmening í lífi og starfi, námi og leik-

Fjölmening á Íslandi er þegar staðreynd og ný viðhorf og aðstæður hafa skapast, sem okkur er störfum að menntamálum er nauðsynlegt að kynna okkur.

Rafræn skráning fer fram á heimasíðunni <http://dkg.muna.is> – Vorþing 2008.

Hægt er að skrá sig til og með 10. maí nk.

Félagskonum er boðið að taka með sér einn gest og hvetjum við konur eindregið til þess. Skráningargjaldið er kr. 3000.- fyrir meðlimi og einnig fyrir gesti. Vinsamlegast setjið nafn ykkar og deild og einnig nafn gests, ef um slíkt er að ræða, í skýringarreit greiðslunnar þar sem geiðslan er jafnframt þátttökuskráning.

Bankaupplýsingar: 546–26–2379, kt. 491095–2379.

Við upphaf og lok vorþingsins syngur fjölmennningarlegur barnakór og börn sem tekið hafa þátt Stóru upplestrakeppninni lesa upp.

Það er von stjórnar landssambandsins að sem flestar konur hafi tækifæri til að verja dagstund í þennan málaflokk ásamt gestum sínum og hitta aðrar DKG-systur.

Frá ritnefnd

Fréttabréfið berst að þessu sinni til ykkar með vorblænum þegar konur í fræðslustörfum eru margar hverjar önnur kafnar við að uppskera, með nemendum sínum eða á persónulegum vettvangi, enda er vorið tími prófa og útskrifta.

Eitt af stóru verkefnum sem skólakerfið stendur frami fyrir er hvernig hægt er að fá nemendur til að vera virka í námi og leggja á sig það sem til þarf til að ná árangri. Skiptar skoðanir eru um hvaða leiðir er best að fara að þessu marki. Í þessu fréttabréfi eru greinar um tvær af þessum leiðum. Að venju eru einnig í blaðinu fréttir af starfi deilda auk dagskrár vorþingsins sem verður vönduð eins og við er að búast.

Um leið og við óskum félagskonum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars viljum við senda þakki til allra þeirra kvenna sem sendu okkur greinar í blaðið enda eru það fyrst og fremst félagskonur sem sjá ritnefndinni fyrir efni í blaðið.

Bryndís Friðgeirsdóttir
Jóna Benediktsdóttir
Sigríður Ragnarsdóttir

Fréttabréfið er sett upp í forritinu Publisher og prentað hjá Pixel

Anna Þóra Baldursdóttir
landssambandsforseti



Pistill landssambandsforseta

Kæru Delta Kappa Gamma systur.

„Enn er liðinn langur vetur“ segir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi í ljóði, sem nú er skólasöngur Menntaskólans á Akureyri. Það er staðreynd, þótt ótrúlegt megi virðast og hann leið hratt. Vor og sumar eru í nánd. Tilefni þessa pistils er að nú sér dagsins ljós annað Fréttabréf DKG undir styrki stjórn ritnefndarinnar úr röðum Jótakvenna á Vestfjörðum. Fyrsta fréttabréf þeirra var fjölbreytt að efni til og gaf tóninn um að mikils væri að vænta. Þær væntingar standast við útkoma þessa vorheftis. Fréttabréfið verður þó ekki til nema því aðeins að deildir og einstakar félagskonur séu iðnar við að senda ritstjórninni efni og hugmyndir.

Efst á baugi –Vorþing 2008

Stjórn landssambandsins hvetur félagskonur til þess að sækja Vorþingið sem haldið verður í Menntaskólanum í Kópavogi laugardaginn 17. maí nk. og ber yfirskriftina *Heimurinn er heima – fjölmennning í lífi og starfi, námi og leik*. Í boði verður metnaðarfull dagskrá, sem menntamálanefnd hefur sett saman. Þingið er nánar kynnt á öðrum stað í Fréttabréfinu. Sú nýjung er tekin upp á þessu vorþingi að hverri félagskonu er boðið að taka með sér einn gest, konu auðvitað. Er það gert í tvennum tilgangi; til þess að kynna nýjum konum starfsemi samtakanna í þeirri von að kveikja áhuga þeirra, en einnig að gefa fleirum tækifæri til þess að njóta þeirrar fræðslu sem í boði er.



Starfsemi deilda

Deildir hafa starfað ötullega í vetur og sinnt margvíslegum viðfangsefnum eins og lesa má í frásögnum um starfsemi þeirra. Það er einnig gaman að segja frá því að félagskonur á Íslandi nálgast nú óðum 300! Við síðustu talningu vorum við 294 og inntaka er framundan í nokkrum deildum. Einnig eru aðalfundir og stjórnarskipti framundan og vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka fráfarandi formönnum og stjórnun deilda fyrir mikið og farsælt starf, einkum á afmælisárinu í fyrra. Yngsta deildin, Kappadeildin í Reykavík, að ljúka fyrsta starfstímabili sínu og hefur deildin farið vel af stað, enda þar saman kominn hópur öflugra kvenna.

Af störfum fastanefnda

Af störfum fastanefnda landssambandsins er það að segja að útbreiðslunefndin er að kanna grundvöll fyrir stofnun 11. deildarinnar hér á landi. Það verkefni er þó aðeins á byrjunarreit og að líkindum nokkuð löng leið framundan. Gerð hefur verið ensk þýðing á lögum okkar og hefur alþjóðlaganefndin komið með ábendingar um lagfæringar sem gera þarf vegna breytinga á lögum alþjóðasambandsins. Laganefndin okkar er að störfum ásamt handbókarnefndinni, en þunginn í þeirri vinnu verður á síðari hluta starfstímabilsins og málið langt í dóm landssambandsþings 2009. Þá hefur menntamálanefndin starfað ötullega undanfarnar vikur og mánuði við að skipuleggja vorþingið. Námstykjanefnd hefur undirbúið gögn um styrkveitingar sem sett verða á heimasíðuna. Næsta úthlutun fer fram á landssambandsþingi 2009. Fjárhags- og uppstillingarnefndir eiga rólega daga enn um sinn, svo og skoðunarmenn reikninga, eðli málsins samkvæmt.

Alþjóðaráðstefnan í Chicago

Alþjóðaráðstefna samtakanna verður haldin í Chicago dagana 22.–26. júlí nk. Dagskrá verður fjölbreytt að vanda. Þegar hafa átta konur úr okkar röðum skráð sig og þeim gæti enn fjölgað. Það er einkar ánægjulegt að svo stór hópur hyggi á ferð til Chicago. Þrjár kvennanna verða með málstofur og svo fara auðvitað fram kosningar, þar sem Sigrún okkar Klara er í framboði til 2. varaforseta alþjóðasamtakanna. Við styðjum hana með ráðum og dáð, stoltar af okkar konu. Sá háttur var tekinn upp á Evrópuráðstefnunni í Turku í Finnlandi árið 2005 að kynna listakonu frá hverju landi. Við kynntum Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur, myndlistarkonu, sem þá var bæjarlistamaður á Akureyri. Á Evrópuráðstefnunni í London 2007 kynntum við Guðrúnu Helgadóttur rithöfund, sem við heiðruðum á landssambandsþinginu sl. vor. Þær amerísku urðu svo hrifnar af þessu, að nú er ætlunin að taka þetta upp og kynna „*A Woman of Wisdom and Passion*“ í Chicago. Verður ein kona frá hverju svæðanna fimm kynnt. Evrópuforsætinn óskaði eftir tilnefningum frá Evrópulöndunum, þar sem kynna á eina konu frá Evrópusvæðinu.

Stjórn landssambandsins tilnefndi frú Vigdísí Finnbogadóttur, og er skemmst frá því að segja, að hún var valin þrátt fyrir samkeppni við „stór“ nöfn eins og Florence Nightingale, Marie Curie, Karen Blixen, Astrid Lindgren o.fl. Við erum að vonum mjög stoltar og munum undirbúa kynningu fyrir þingið í Chicago. Þær Guðný Helgadóttir, Gammadeild, sem sækja mun þingið og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri, Beta-deild, hafa tekið að sér að undirbúa kynninguna og munu þær kalla til liðs við sig fleiri félagskonur. Við höfum unnið að málinu með vitund og samþykki frú Vigdísar og svo verður um kynninguna sjálfa.

Ýmislegt fleira mætti tína til og greina frá, en ég lýk hér þessum pistli landssambandsforseta með fyrsta erindinu úr kvæði Davíðs Stefánssonar, *Vorljóð*, sem mér finnst lýsa vel þeirri tilfinningu, sem ég vona að við flestar upplifum þegar vorið er í nánd.

*Ég vaknaði snemma og frjálssari en fyr,
og fagnandi vorinu stökk ég á dyr,
og unað og gleði ég alls staðar sá,
og aldrei var fegra að lifa en þá,
því geislarnir dönsuðu um sveitir og sæ,
það var söngur í lofti, ilmur í blæ.
Það var morgunn í maí.*

Með bestu kveðjum og von um að sjá sem flestar ykkar á vorþinginu þann 17. maí.

Akureyri í apríl 2008.

Anna Þóra Baldursdóttir,
forseti landssambands DKG



Kristín Ágústa Ólafsdóttir, Eta deild

Orð til umhugsunar

Ímyndum okkur kirkjuathöfn – og það er engin tónlist.

Ímyndum okkur ættarmót eða þorablót – og það er engin tónlist.

Ímyndum okkur ball eða ballett – án tónlistar

Ímyndum okkur að vera ástfangin – eða í ástarsorg – og það er engu tónlist að hafa í útvarpi, af diskum eða úr I-poddi.

Ímyndum okkur þjóðerniskennd – án tónlistar.

Ímyndum okkur líf án ljóðasöngs – án jazzins – án klassískrar tónlistar – án Bítlanna og Stones

Tónlistin er samofin lífi okkar – er allt um kring og inni í okkur.

Hún hefur áhrif á tilfinningar okkar og skap og í gegnum hana fáum við útrás fyrir tilfinningar eða komum okkur í tiltekið skap. Fyrir marga er tónlistin farvegur sköpunar- og tjáningarþarfar.

Sem amma raula ég vöggustef þegar ég svæfi barnabörnin – eða tralla taktfast bull þegar ég sprella og dansa með þeim.

Í bernskuminningum mínum er amma að raula við mig *Stígur hún við stokkinn* og *Ríðum heim til hóla*. Pabbi og mamma að syngja tvíraddað lög um Gunnar og Njál sem þau lærðu í Ungmennafélaginu í sinni sveit á öðrum og þriðja áratug síðustu aldar. Við laugardagslög in útvarpinu mátti taka dansspor og harmonikkann gaf manni spennandi fiðring í fætturna – og í söng hjá Hallgrími Jakobssyni í Austurbæjarskólanum söng maður í sig ástina á landi, þjóð og gróðri jarðar.

Mér finnst merkilegt að fyrir rúmri öld, í aðdraganda fyrstu fræðslulaganna hér á landi, lagði Guðmundur Finnbogason til að ein af tíu námsgreinum barnaskólans yrði söngur. Sálarlyfting og félagsleg tengsl í gegnum söng voru meginrökin hans.

Um svipað leyti var sr. Bjarni Þorsteinsson að reyna að kría út styrki til þess að gefa út mikið safn íslenskra þjóðlaga sem hann hafði unnið að í mörg ár. Einhverjir mektarmenn þess tíma mæltu eindregið gegn útgáfunni: Íslensk þjóðlög væru „svo léleg og ljót, að þau væru þjóðinni til minnkunar“ (BP: 18) Danski Carlsberg-sjóðurinn kom svo til skjalanna og bjargaði menningar-verðmætunum okkar.

Svo kviknuðu nýjar kenndir og þær var gott að heimfæra á rokkið og Presley – síðan The Beatles og Rolling Stones, Hljóma, Shady Owens og Flowers.

Dramatíkin og löngun unglingsins til þess að bæta heiminn fann sér farveg í vísna- og baráttutónlist á tímum hippanna, Vietnamstríðs og stúdentauppreisna.

Ég var heppin. Foreldrar mínir vildu að ég færi í Barnamússíkkólann. Í gegnum fiðlunámið þurfti ég að hlusta á og spila öðru vísi tónlist en þá sem lá beinast við krökkum og unglíngum. Þar var ég leidd inn í heim sem síðan hefur gefið mér lífsfyllingu – hrifið mig, glatt og stundum grætt. Jafnvel þótt fiðluspilið mitt hafi aðeins varað í sex-sjö ár nægði það til að opna hugann og kenna mér að hlusta á næmari hátt eftir margslungnum undrum tónlistarinnar.

Margt hefur breyst í tónlistarlífi þjóðarinnar síðustu hundrað árin. Við lærðum að meta gildi þjóðlaganna jafnhliða því sem tónlistarundur heimsins opnuðust fyrir okkur. Í mörgum Íslendingum leyndist tónskáld, hörkusöngvari eða hljóðfæraleikari af guðs náð.

Nýbúar hér á landi, alveg frá því á stríðsárunum, eiga stóran þátt í því að mennta þjóðina á sviði tónlistar og kalla fram hæfileikana. Hugsíð ykkur, að hér og hvar í örsnínum byggðarlögum landsins er frábært tónlistarfólk utan úr heimi að kenna börnum og fullorðnum tónlist!

Áhugi Íslendinga á því að syngja reyndist ótrúlegur – fyrir fáum árum hitti ég dagskrágerðarkonu frá BBC sem var hingað komin til þess að gera útvarpsþátt um þessa þjóð sem átti að hennar sögn heimsmet í kórþátttöku.

Skólastjóri hér í Reykjavík sagði við mig, þegar við vorum að ræða mikilvægi listnáms í grunnskólum: Mér finnst að námið eigi að snerta við öllum strengjum í brjósti nemandans.

Undir þetta tek ég - og vil bæta við að í grunnskólanum - þar sem næst til allra barna - þarf að nýta tækifærin til þess að opna heima sem geta á lífsleiðinni verið einstaklingunum fylling, akkeri og heilbrigð nautn. Heimur listanna býður upp á þessa möguleika.



*Kristín Ólafsdóttir í
góðra vina hópi*

Flutt á sameiginlegum fundi í Delta - og Eta deildum.

Margrét Sigmarsdóttir, sálfræðingur



PMT-Foreldrafærni í Hafnarfirði

Markviss og árangursrík forvörn

Víða um heim er mikil vakning um mikilvægi þess að taka markvisst á hegðunarvanda barna vegna þess alvarlega samfélagslega vanda sem af hlýst ef hegðun þróast til verri vegar (t.d. lygar, lögbrot, ofbeldi, áfengis- og vímuefnavandi). Ef litið er til skólasamfélags grunnskóla þá sýna erlendar rannsóknir að ætla megi að allt að 5 % barna sýni alvarleg hegðunarfrávik og allt að 10 % mildari hegðunarfrávik. Hegðunarvandi setur foreldra og starfsfólk þeirra stofnana sem koma að uppeldi og fræðslu barna í mikinn vanda en hegðunarvandi er ein meginástæða þess að börnum er vísað til sérfræðinga.

PMT- Oregon aðferðin í Hafnarfirði

Haustið 2000 hófst í Hafnarfirði, undir stjórn Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og í samstarfi við félagsþjónustu og heilsugæslu, markviss vinna til að fyrirbyggja alvarlega hegðunarferðleika og taka á hegðun barna með aðferðum PMT. Sú aðferð sem um ræðir er upphaflega þróuð í Oregon í Bandaríkjunum og er gjarnan kennd við Oregon fylki og nefnd PMT-Oregon aðferðin. Aðferðin byggir á vel rannsakaðri kenningu Dr. Gerald Pattersons um þróun andfélagslegrar hegðunar. Til að stuðla að jákvæðri hegðun barnsins, draga úr hegðunarvanda þess og bæta aðlögun fjölskyldunnar fá foreldrar aðstoð við að tileinka sér notkun ákveðinna verkfæra sem eru: Fyrirmæli og jákvæð samskipti við barnið, notkun hvatningar við kennslu nýrrar hegðunar, að setja mörk til að draga úr og stöðva óæskilega hegðun, lausn vanda og uppbyggilegar aðferðir í samskiptum innan fjölskyldu, eftirlit með hegðun barns innan og utan heimilis, tengsl við skólakerfið og stjórn neikvæðra tilfinninga. Í vinnu með foreldrum er unnið út frá styrkleikum allra aðila en með markvissri notkun verkfæra eru höfð bein áhrif á aðlögun barnsins.

Markvisst hefur verið unnið að innleiðingu verkfæra (vinnulagsins) í Hafnarfirði en jafnframt hefur fagfólki annarra sveitarfélaga verið veitt handleiðsla við aðlögun PMT aðferða og einnig gefinn kostur á að vera með í ákveðnum þáttum þjónustunnar. Vinna þessi er undir merkjum PMT-FORELDRAFÆRNI og í samráði við meginhöfunda aðferðarinnar, Dr. Gerald Patterson, Dr. Marion Forgatch og starfsfólk þeirra í Eugene í Oregon í Bandaríkjunum.

Verkefni eru:

PMT meðferð fyrir foreldra barna með hegðunarfrávik. Um er að ræða einstaklingsþjónustu sem felst m.a. í um 20 viðtölum hjá PMT meðferðaraðila. Meðferðin er ítarleg og tekur töluverðan tíma en afar mikilvæg leið til að mæta foreldrum barna sem þegar hafa þróað með sér hegðunarerfiðleika (þriðja stigs forvörn).

PMT foreldranámskeið er önnur leið, þróuð á grundvelli PMT meðferðar og hentar vel foreldrum barna með væga hegðunarerfiðleika eða sem eru í áhættu vegna hegðunarerfiðleika. Hér er um að ræða hópfræðslu til foreldra um meginþætti PMT aðferðar. Þjónustan er umtalsvert minni en þegar um er að ræða meðferð og tekur því talsvert minni tíma (annars stigs forvörn).

Fræðslufundir og fræðsluefni um aðferðir PMT eru í boði fyrir alla foreldra í grunn- og leikskólum Hafnarfjarðar. Allir foreldrar hafa aðgang að upplýsingabæklingum auk þess sem upplýsingaritið *Styðjandi foreldrafærni* gefur ágæta lýsingu á aðferðunum og er fáanlegt hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Á næsta skólaári eru áform um að styrkja enn frekar þann þátt þjónustunnar sem snýr að eflingu uppeldisfærni allra foreldra (fyrsta stigs forvörn).

PMT fagmenntun stendur fagfólki til boða á vegum PMT-FORELDRAFÆRNI. Val er um nokkrar leiðir, svo sem grunnfræðslu í hugmyndafræði og framkvæmd PMT meðferðar (grunnmenntun) eða PMT meðferðarréttindi og ef til vill í framhaldi af því réttindi til að koma að þjálfun annarra meðferðaraðila. Menntun meðferðaraðila er veigamikil og í fullu samræmi við viðmið sérfræðinga í Oregon, en þeir krefjast þess að PMTO meðferðaraðilar hljóti tiltekna þjálfun þar sem vel þjálfaðir meðferðaraðilar nái betri árangri með fjölskyldum (samkvæmt ákveðnum viðmiðum byggðum á vönduðum rannsóknnum). Með menntun PMT meðferðaraðila er lagður grunnur að frekari útbreiðslu PMT – Oregon aðferðarinnar hér á landi.

SMT-skólafærni

Parent Management Training leggur megináherslu á vinnu með foreldrum. Við Háskólann í Oregon hefur hins vegar verið þróuð aðferð, *Positive Behavior support/PBS*, þar sem sambærilegar aðferðir og PMT eru innleiddar með heildrænum hætti í skólasamfélagið. Haustið 2002 hófst markviss vinna í skólum Hafnarfjarðar í anda þessara aðferða, undir handleiðslu bandarískra sérfræðinga. SMT-skólafærni er heitið á *Positive Behavior Support/PBS* eins og það hefur verið þróað í Hafnarfirði en það er mjög samofið PMT vinnunni. Meginmarkmið SMT-skólafærni er að fyrirbyggja, draga úr og stöðva hegðunarfrávik og þar með skapa jákvætt andrúmsloft í skólum. Ólíkum hópum nemenda (nemendum sem almennt aðlagast vel, nemendum í áhættu vegna þróunar hegðunarfrávik og nemendum með hegðunarfrávik) er mætt með samræmdum viðbrögðum alls starfsfólks þar sem áhersla er lögð á að gefa jákvæðri hegðun gaum og nálgast nemendur með jákvæðum hætti.

Gera má ráð fyrir að innleiðsla SMT-skólafærni taki um þrjú til fimm ár. Á fyrsta ári fer fram undirbúningur verksins. Á öðru ári eru innleiddar aðferðir sem styðja alla nemendur skólans. Á þriðja ári fer fram endurskipulag frá fyrra ári og innleiddar eru aðferðir sem hafa sérstakt gildi fyrir nemendur sem sýna fyrstu merki andfélagslegrar hegðunar. Á fjórða ári fer fram frekara endurskipulag frá fyrri árum og innleiddar eru aðferðir, sérstaklega ætlaðar til að styðja við nemendur sem þegar sýna töluverða andfélagslega hegðun.

Markvisst hefur verið unnið að aðlögun aðferðarinnar í Hafnarfirði undanfarin ár og nú hafa allir grunnskólar bæjarins og sex leikskólar valið að vinna í anda SMT-skólafærni. Eftir að innleiðing skólaþáttarins hófst í Hafnarfirði árið 2002 var aðferðin kynnt fyrir öðrum sveitarfélögum, sem sum hafa innleitt skólaþátt þessa verkefnis undir merkjum PMT-FORELDRAFÆRNI (þá sem SMT-skólafærni) en önnur hafa innleitt og þróað PBS með sínum hætti.

Hvað er vitað um árangur?

Bandarískar rannsóknir á árangri PMTO meðferðar uppfylla öll ströngustu skilyrði hegðunarmælinga. Þær hafa leitt í ljós að PMT meðferð dregur verulega úr hegðunarerfiðleikum barns á heimili og hefur auk þess jákvæð áhrif á samskipti innan fjölskyldu og frammistöðu í skóla. Hér á landi er góð reynsla af notkun meðferðarúr-ræðisins og nýlega fór af stað rannsókn til að meta raunverulegan árangur hér á landi. Ýmsir þættir gefa góðar vísbendingar um heildaráhrif þessarar markvissu vinnu undanfarinna ára í Hafnarfirði. Vert er að nefna að eftir að innleiðing hófst mátti greina verulega fækkun á beiðnum til sérfræðinga, sem sinna sérfræðiþjónustu fyrir fræðsluvið bæjarins. Hugsanlega eru þar áhrif aukinnar þekkingar meðal foreldra og fagfólks í skólum. Vísbendingar eru um að innleiðing SMT-skólafærni dragi úr hegðunarfrávikum í skólum sveitarfélagsins en þar sem upplýsingar liggja fyrir verður töluverð fækkun á skráðum hegðunarbrotum nemenda eftir innleiðinguna. Einnig er mikilvægt að nefna að foreldrar sem sótt hafa PMT meðferð og PMT foreldranámskeið eru samkvæmt könnun mjög ánægðir með þjónustuna. Vissulega gefur það mat ekki upplýsingar um árangur en aftur á móti má ganga út frá því að verið sé að veita foreldrum þjónustu sem þeir telja mjög gagnlega og mikla þörf á. Sömu sögu er að segja um fagfólk kerfisins sem hlotið hefur grunnmenntun en það lýsir yfir mikilli ánægju með fræðsluna, segist nota og miðla aðferðunum og er tilbúið til að mæla með PMT grunnmenntun við aðra.

PMT – Oregon aðferðin var valin vegna þess að hún byggir á traustum rannsóknar- og kenningarfræðilegum grunni

Verkefnið í Hafnarfirði er einstakt að því leyti að gengið er út frá vel rannsakaðri aðferð sem nær til fyrsta, annars og þriðja stigs forvarna samtímis. Vel útfært og rannsakað meðferðarúr-ræði, sem einnig er nýtt sem fræðsluúr-ræði og hliðstæðar aðferðir jafnframt aðlagðar skólum, ætti að gefa færi á að mæta þörfum sem flestra og hafa um leið víðtækt forvarna- og meðferðargildi. Auk þessa sem hér er talið hefur verið staðið að þjálfun PMT meðferðaraðila utan Hafnarfjarðar, sem gerir öðrum sveitarfélögum kleift að innleiða aðferðirnar.

Má þar nefna Akureyri, sem hefur gert áætlun um innleiðingu PMT aðferða með svipuðum hætti og gert er í Hafnarfirði.

Einnig hafa verið þjálfaðir meðferðaraðilar fyrir Reykjavík og Húsavík og sveitarfélögin Seltjarnarnes og Garðabær eiga í samstarfi um afmarkaða þætti verkisins. Á næstu árum verður lögð enn frekari áhersla á að skapa ákjósanlegustu aðstæður til að stuðla að útbreiðslu aðferðanna hér á landi samhliða vönduðum rannsóknum á árangri. Í Hafnarfirði hefur verið unnið mikilvægt brautryðjendastarf á sviði PMT – Oregon aðferðanna. Þess er vænst að sú vinna sem lögð er til af hálfu Hafnarfjarðar skili góðum árangri sem víðast.

Heimildir

Atferðssenteret (2004). *PMTO-håndbok* (4. utgave). Oslo: Universitetet I Oslo.

Charles, R., Martinez, Jr. og Forgatch, M. (2001). Preventing problems with boys noncompliance: Effects of a parent training intervention for divorcing mothers. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 69 (3), 416-428.

Forgatch, M. og Martinez, C. (1999). Parent management training. *Tidsskrift for norsk psykologforening*, 36, 923-937.

Forgatch, M., Knutson, N. og Rains, L. (2000). *A course in basic OSLC intervention model: Workshop 1*. Oregon: Oregon Social Learning Center.

Forgatch, M., Knutson, N. og Rains, L. (2000). *A course in basic OSLC intervention model: Workshop 2*. Oregon: Oregon Social Learning Center.

Forgatch, M., Knutson, N. og Rains, L. (2001). *A course in basic OSLC intervention model: Workshop 3*. Oregon: Oregon Social Learning Center.

Forgatch, M. og Knutson, N. (2001). Linking basic and applied research in a prevention science process. Í H. Liddle, G. Diamond, R. Levant og J. Bray (Ritstj.), *Family psychology: Science-based interventions* (bls. 239-257). Washington, DC: American Psychological Association.

Knutson, N.M. Forgatch, M.S. og Rains, L.A. (2003). *Fidelity of implementation rating system (FIMP): The manual for OMTO*. Eugene OR: Oregon Social Learning Center.

Margrét Sigmarsdóttir (2002). PMT meðferð fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika. *Glæður: Fag-tímarit íslenskra sérkennara*, 2 (12), 18-24.

Margrét Sigmarsdóttir (2005). Styðjandi foreldrafærni. Hafnarfjörður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.

Ogden, T. (1999). Parent management training som foreldreopplæring. *Spesialpedagogikk*, 6, 3-17.

Patterson, G. og Forgatch, M. (1987). *Parents and adolescents living together*. Part 1. *The basics*. Eugene, OR: Castalia Publishing Company.

Patterson, G. og Forgatch, M. (1989). *Parents and adolescents living together*. Part 2. *Family problem solving*. Eugene, OR: Castalia Publishing Company.

Solholm, R., Askeland, E., Christiansen, T., Duckert, M. (2005). Parent Management Training -Oregon-modellen. Teori, behandlingsprogram og implementering i Norge. *Tidsskrift for Norsk Psykologforening*, 42, 587-597.

Sprague, J. R., Sugai, G., Horner, R. og Walker, H. M. (1999). Using office discipline referral data to evaluate school wide discipline and violence prevention interventions. *Oregon school study council*, 42 (2), 1-18.

Webster-Stratton, C. (1992/2001). *The incredible years, a trouble-shooting guide for parents of children aged 3-8*. Toronto: Umbrella Press.

Margrét Sigmarsdóttir sálfræðingur er sérfræðingur í uppeldissálfræði og verkefnisstjóri PMT-FORELDRAFÆRNI hjá Fræðslusviði Hafnarfjarðar.

Jóna Benediktsdóttir, sérkennari

Uppeldi til ábyrgðar, uppbygging sjálfsaga

Í þessari grein verður fjallað um uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar – uppbyggingu sjálfsaga. Sú stefna hefur verið að ryðja sér til rúms í mörgum íslenskum skólum á undanförunum árum. Ekki er hægt að gera nákvæma grein fyrir smáatriðum eða framkvæmdum í svo stuttu máli en reynt verður að tæpa á flestum aðalatriðunum.



Grunnur hugmyndafræðinnar

Grunnur hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar – uppbyggingar sjálfaga byggir á sjálfsstjórnarkenningu dr. William Glasser. William Glasser fæddist árið 1925 í Ohio í Bandaríkjunum. Hann menntaði sig fyrst í efnafræði og síðar í sálarfræði. Glasser hafnar ytri stýringum sem skýringu á mannlegu eðli, heldur vill hann meina að við séum við drifin áfram af gentískum þörfum. Hann setti fram kenningu sem útskýrir mannlega hegðun, Reality therapy, árið 1965. Hann hefur síðan breytt kenningunni nokkuð eftir því sem árin hafa liðið og eftir því í hvaða samhengi er verið að tala. Ekki er hægt að segja að hugmyndir Glassers séu að öllu leyti hefðbundnar. Hann samþykkir til dæmis ekki geðsjúkdóma nema eitthvað sé að heila fólks sem líffæri. Hann telur að vanhæfni til að komast af við annað fólk og uppfylla þarfir á félagslegu sviði megi kenna um flest það sem nú er flokkað sem geðsjúkdómar. Glasser er einn af þeim mörgu fræðimönnum sem andmæla því sem kallað hefur verið læknisfræðilegt líkan í geðheilbrigði. Hann telur að kenna þurfi fólki að komast af við aðra menn og það verði ekki gert með lyfjum, aðeins með ráðgjöf. Glasser hefur skrifað nokkrar bækur um hvernig skólakerfið gæti nýtt sér kenningu hans til að fá fleiri nemendur til vinna vel í skólanum. Hann telur að um leið og við fáum nemendur til að leggja metnað í vinnuna í skólanum leysum við nánast öll agavandamál. Lesa má nánar um Glasser, störf hans og þá stofnun sem rekin er í nafni hans á síðunni <http://wglasser.com>.

Kenning Glassers um mannlega hegðun

Kenning Glassers um mannlega hegðun byggir í stórum dráttum á því að fólk beri ábyrgð á eigin vali, ákvörðunum og markmiðum og þar með almennri líðan sinni. Okkur sé ekki stýrt af ytri áreitum nema að við kjósum að láta þau stýra okkur. Eina hegðunin sem við getum í raun og veru stjórnað sé okkar eigin hegðun og fólk lendi

mjög oft í vandræðum þegar það reyni að stjórna hegðun annarra með einhverskonar valdbeitingu. Kenningin gengur út á að öll hegðun okkar sé tilraun til að fullnægja einhverri eða einhverjum af fimm grunnþörfum sem okkur eru áskapaðar. Þær þarfir sem eru öllum mönnum sameiginlegar eru: Þörf fyrir að komast af og að fjölga sér. Þörf fyrir að tilheyra einhverjum og finna ást og umhyggju. Þörf fyrir að hafa áhrif og völd. Þörf fyrir að njóta frelsis og þörf fyrir að hafa skemmtilegt, að njóta ánægju. Ekki er hægt að raða þessum þörfum eftir mikilvægi og oft skapast togstreita hjá einstaklingum vegna mismunandi þarfa sem gera vart við sig á sama tíma. Kenningin miðar við að við leggjum af hugsunina um áreiti og viðbrögð sem grundvallarhugsun í mannlegu eðli, heldur veljum við að framkvæma, bregðast við ákveðnum aðstæðum með þeim hætti sem við teljum hagstæðan á þeirri stundu, við reynum að uppfylla félagslegar þarfir okkar. Við höfum einnig þörf fyrir aðgerðir ef þessum grunnþörfum okkar er ekki fullnægt.

Glasser telur skort á menntun og vantrú einstaklings á sjálfum sér sem námsmanni grunninn að því mikla þjóðfélagsvandamáli sem andfélagsleg hegðun ungs fólks er. Unglingar sem ekki ná að samsama sig hóp í skólanum og öðlast viðurkenningu þar leita oft í annarskonar hópa þar sem viðurkenning fæst með því að „standa sig vel” í andfélagslegu atferli ssvo sem eins og innbrotum og öðrum ógnunum við samfélagið. Nemandi sem ekki sér fram á að njóta viðurkenningar með því að takast á við náms-efnið með góðum árangri setur sér þá einhver önnur markmið í skólanum sem hann sér fram á að geta náð með góðum árangri. Til dæmis að fá kennarann til að missa stjórn á sér.

Þó svo að kenning Glassers sé nokkurra áratuga gömul er margt í henni sem fellur vel að nýjum eða nýlegum kenningum um nám og skipulag námsumhverfis. Glasser fjallar ekki um nám í tengslum við heilastarfsemi heldur hvaða aðstæður þurfa að vera fyrir hendi til að nemendur viðhaldi áhuga sínum til að læra og nái góðum árangri enda er almennt viðurkennt að áhugi sé grundvallaratriði í námi.

Megininntak í hugmyndum Glassers er einmitt að við getum ekki þvingað neinn til náms eða góðrar hegðunar heldur verðum við að vekja áhuga. Skólar eigi að byggja á innri hvatningu barna til að rannsaka, uppgötva, ná árangri og skilja. Glasser telur að sú ánægja sem vel unnið verk veitir og það að geta svalað forvitni sinni um ákveðna hluti sé eina hvatningin sem virkar í raun og veru á nemendur. Góðir kennarar hvetja nemendur áfram með hrósi, ef það verður til þess að nemendur sjá að þeir ná árangri sjá þeir sjálfa sig fyrir sér sem manneskju sem getur vel lært og verða þar með áhugasamari um námið. Ný þekking vekur forvitni um fleiri þætti og hvetur einstaklinga áfram í þekkingarleit. *Ef hæfileg áskorun felst í verkinu hvetur það okkur til dáða, of erfitt verk veldur hugarangri og of létt verk leiða. Það er ekki líklegt að lengri skóladagur og enn meiri áhersla á nám virki hvetjandi fyrir þá sem ekki vinna í skólanum nú þegar. Þeir munu líklega fá enn fleiri viðfangsefni sem þeir ráða illa eða ekki við og finna því enn meira til vanmáttar síns sem námsmanna og meiri þarfar til að uppfylla þarfir sínar á annan hátt en gegnum skólavinnuna.*

Börn nútímans á Vesturlöndum hafa sem betur fer sjaldnast áhyggjur af því hvernig þau eiga að komast af frá degi til dags, það eru þarfirnar fyrir að tilheyra öðrum, skynja ást og umhyggju, hafa áhrif og völd, njóta frelsis og þörfin fyrir skemmtun sem eru þeim mikilvægastar á því æviskeiði sem þau eru í skóla.

Skólakerfið þarf því að finna leiðir til að nemendur fái uppfyllt þessar þarfir sínar í gegnum vinnuna í skólanum og þar kemur Uppeldi til ábyrgðar til sögunnar.

Skólakerfið

Diane Gossen, kanadískur sálfræðingur og kennari sem nú starfar í Bandaríkjunum hefur þróað og útfært hugmyndir Glassers um hegðun þannig að nota megi þær í skólastarfi til hagsbóta bæði fyrir einstaklinginn og heildina. Í verkum sínum styðst hún einnig við hugmyndir Alfie Kohn um ytri stýringu og nýjar kenningar um nám og heilastarfsemi. Þær kenningar fela meðal annars í sér að við verðum að vera í ákveðnu jafnvægi til að geta beitt rökhugsun og virkjað heilastarfsemi okkar til náms.

Útfærsla Gossen er notuð í mörgum skólum bæði í Kanada, Bandaríkjunum og víðar og nokkrir skólar á Íslandi hafa tekið þessa stefnu upp. Gossen telur að öll hegðun nemenda hafi tilgang, sé þeirra besta leið í aðstæðum til að uppfylla þarfir sínar. Ef við ætlum að fá nemendur til að breyta hegðun sinni verðum við að skilja hvaða þörfum þeir eru að fullnægja og hjálpa þeim við að finna betri og uppbyggilegri leiðir til að ná árangri í því sem þeir eru að gera.

Sýn Gossen á tilveruna byggir á að hver manneskja sé sérstök, við upplifum heiminn í kringum okkur á ólíkan hátt því skynjun okkar og reynsla er ólík. Hún telur einnig að öll hegðun hafi tilgang og að hver maður geti aðeins stjórnað sjálfum sér. Gossen telur að mjög mörg þeirra hegðunaryndamála sem við erum að glíma við í skólum í dag séu einmitt vegna misheppnaðra tilrauna barna til að stjórna eigin lífi.

Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga gengur út á að nota áhrif en ekki vald í samskiptum og að veita fólki eins mikið frelsi og hægt er án þess að skerða frelsi annarra. Við viljum ekki að börn hagi sér vel aðeins til að öðlast eitthvað eftir-sóknarvert eða til að sleppa við refsingar heldur vegna þess að þau viti hver áhrif gerða þeirra eru. Ef unnið er út frá því að eina hegðunin sem maður getur raunverulega stjórnað sé manns eigin hegðun, eins og kemur berlega fram í kenningu Glassers, verður vald í samskiptum gagnslaust. Kannski er hægt að þvinga fólk til að gera það sem það vill ekki en þá hafa engar framfarir orðið í persónuleika einstaklingsins. Þessi hugsun krefst þess að kennari móti stjórnunaraðferðir sínar í bekk út frá nýjum forsendum. Hann verður að sannfæra nemendur sína um hvað þeir þurfa að gera og hvernig þeir þurfa að hegða sér án þess að skipa þeim fyrir. Nemendurnir verða að vilja sjálfir haga sér þannig að þeim gagnist kennslan og að þeir geti átt í jákvæðum samskiptum við samferðamenn sína.

Uppeldi til ábyrgðar styðst við lífsgildi til að kenna börnum sjálfsaga. Lykilatriði er að kenna fólki að lagfæra þau mistök sem það gerir og læra af þeim, að hugsa um að vera sú manneskja sem maður vill vera. Áhersla er einnig lögð á að menn skilji sínar eigin þarfir.

Ef við vitum hverjar þarfir okkar eru eigum við auðveldara með að uppfylla þær. Þrátt fyrir hversu ólík við erum reynast grundvallargildi okkar mjög svipuð. Allir menn vilja til dæmis búa við öryggi og njóta virðingar annarra.

Gossen kennir starfsmönnum skóla að beina sjónum að lagfæringu í stað þess að hugsa um það sem var rangt og huga að því hvernig persónan sem gerði mistök getur

komið sterkari og jákvæðari út, minnug þess að fólk getur ekki breytt því sem það hefur þegar gert, heldur aðeins því hvernig það bregst við næst.



Vinna með starfsmannahópum

Í þeim skólum sem ákveða að vinna samkvæmt þessari nálgun þurfa starfsmenn að koma sér saman um hvernig skólabrag þeir vilja móta. Við alla skilgreiningavinnu starfsmanna er lögð megináhersla á samvinnu og að öllum gefist tækifæri til að taka þátt í vinnunni og þar með að móta stefnuna. Lykilatriði er að vinna á þann hátt að hópurinn sem slíkur nái sameiginlegri niðurstöðu um þau mál sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Gossen hefur útfært nokkurskonar módel til að nota við slíka vinnu. Starfsmenn þurfa að velja hvaða gildi í samskiptum eru mikilvæg í starfi skólans. Eftir að gildin hafa verið valin eru þau skilgreind þannig að allir viti hvað skólinn ætlar að standa vörð um. Þar sem Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga leggur meðal annars áherslu á að auka frelsi nemenda og færa þeim aukna ábyrgð á eigin hegðun þarf starfsmannahópurinn að vera sammála um hvenær nemandi gengur þannig á rétt annarra að ekki verði við unað. Það felur í sér að starfsmenn skilgreina hverskonar hegðun þeir meta sem óásættanlega. Þær skilgreiningar eru notaðar sem skýr mörk í samskiptum við nemendur. Yfirleitt er þar um að ræða hegðun sem við erum öll sammála um að við getum ekki liðið í samfélagi okkar. Þessi vinna leiðir til þess að starfsmenn hafa skilgreint sín eigin gildi og hverskonar hegðun og framkoma þeim finnst mikilvæg. Í því verklagi sem Gossen leggur skólum til felst einnig að skilgreina hlutverk hinna ýmsu ólíku starfsstétta í skólum, það verður til þess að minnka núning í skólasamfélaginu þar sem allir verða þá meðvitaðir um sitt hlutverk. Einnig leggur Gossen til ákveðnar leiðir fyrir starfsfólk til að leysa úr ágreiningsmálum sem miða við að uppfylla ólíkar þarfir starfsmanna en þó ekki endilega þannig að aðilar fá það sem þeir vilja helst, heldur það sem mætir þörfum þeirra á þann hátt sem stofnuninni er fært.

Vinna með nemendum

Ef unnið er eftir stefnu Gossen þarf kennarinn að hugsa um að byggja upp jákvætt sjálfsmat hjá nemendum með því að spyrja þá spurninga sem hvetja þá til að upplifa sjálfa sig á jákvæðan hátt. Hann þarf að ræða um slæma hegðun eða mistök, sýna skilning á hegðuninni en hvetja nemendur til að finna sjálfir leiðir til að uppfylla þarfir sínar án þess að trufla aðra. Allt ber hér að sama brunni, það er að hvetja nemendur áfram bæði í námi og hegðun með jákvæðum hætti en ekki að reyna að stjórna þeim með þvingunum. Góð sjálfsmynd og vitneskja um að maður hafi sjálfur áhrif á hvernig líf manns þróast hjálpar fólki til að taka ábyrgð á eigin lífi.

Nemendum eru kenndar undirstöðu hugmyndir úr sjálfsstjórnarkenningu Glassers. Bekkir vinna í sameiningu að því að velja lífsgildi sem þeim finnast mikilvæg og skilgreina hvernig hægt er að verja þau gildi sem hafa verið valin með ákveðinni framkomu. Bekkir og kennarar skilgreina einnig hlutverk kennara og nemenda í skólanum. Nemendur læra um félagslegar grunnþarfir og ræða og finna leiðir til að hver einstaklingur geti uppfyllt sínar þarfir án þess að trufla þarfir annarra. Nemendum eru einnig kenndar leiðir við að leysa úr ágreiningsmálum og þeir fá tækifæri til að æfa sig í þeim.

Vinna með foreldrum og öðrum í samfélagi skóla

Misjafnt er hvernig skólar útfæra þátt heimila og samfélags í þessari vinnu. Nokkur umræða skilar sér alltaf heim með nemendum. Nemendur vinna einnig verkefni í samvinnu við fjölskyldu sína um mikilvæg lífsgildi og stundum um hlutverk á heimilum. Við þá vinnu sjá foreldrar oft stöðu sína og barna sinna í nýju ljósi, sum börn eru einungis þiggjendur á heimili sínu en hafa engum skyldum að gegna, þetta veitir fjölskyldum tækifæri til að breyta því mynstri, því það að hafa ekkert hlutverk getur ekki verið uppbyggilegt fyrir sjálfsmynd einstaklings. Sumir skólar skilgreina hlutverk foreldra og hlutverk skóla í samvinnu á haustfundum með foreldrum. Einnig er rætt um stefnuna og grunnhugmyndir hennar á foreldrakynningum.

Til að skólar geti tekið þessa hugmyndafræði upp og unnið samkvæmt henni þarf starfsfólk skólanna að fá leiðbeinandi námskeið bæði í hugmyndafræðinni og vinnubrögðunum. Nokkrir íslenskir kennarar hafa þegar öðlast réttindi sem leiðbeinendur í Uppeldi til ábyrgðar. Gefnar hafa verið út nokkar bækur á íslensku um hvernig skólar geta nýtt sér þessa hugmyndafræði og hefur Magni Hjálmarsson kennari og námsráðgjafi á séð um útgáfu þeirra.

Margar erlendar bækur eru einnig fáanlegar um þetta efni og þau vinnubrögð sem eru æskileg til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að fyrir einstaklinga og samfélög með þessum hugsunarhætti og ber þar fyrst að nefna bækur eftir Diane Gossen og samstarfskonu hennar Judy Anderson.

Íslenskir skólar sem starfa samkvæmt þessari stefnu

Nú eru milli 20 og 30 grunnskólar og nokkrir leikskólar að vinna samkvæmt þessari hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar. Þessir skólar dreifast víðvegur um landið.

Í mars var stofnað sérstakt félag áhugamanna um Uppeldi til ábyrgðar - uppbyggingu sjálfsaga og er greinarhöfundur fyrsti formaður félagsins. Markmið þess félags er að tengja saman þá skóla sem vinna samkvæmt þessari stefnu.

Að lokum

Breytingar í þjóðfélaginu eru örvar og við vitum ekki hvað bíður þeirra sem nú eru nemendur okkar eftir tuttugu ár. Menntun á meðal annars að snúast um að fá fólk til að sýna ábyrga hegðun fremur en að reyna að nota valdbeitingu í samskiptum við aðra. Þetta á bæði við gagnvart þeim sem beita valdi og hinum sem láta teyma sig. Það hlýtur að vera skynsamlegt að fá fólk til að hugsa um hver áhrif hegðun þess hefur á annað fólk og hvort það nær markmiðum sínum með þeirri hegðun sem það notar. Kennarar reyna oft sömu aðferðir aftur og aftur til að fá nemendur til að breyta hegðun sinni. Til dæmis að beita skömmum eða hótunum um að missa einhver tiltekin gæði. Við erum oft föst í hegðun sem við þekkjum og beitum henni aftur og aftur jafnvel þó svo að fyrri tilraunir hafi ekki borið árangur og við vitum innst inni að endurtekning á sömu hegðun eða aðgerðum muni ekki gera það heldur.

Meginatriði í þessari uppeldisstefnu er að við berum sjálf ábyrgð á líðan okkar og hegðun. Börn og unglingar eru hins vegar á ábyrgð hinna fullorðnu og dvelja mikinn hluta tíma síns í skólanum sem hefur þar með mikil áhrif á mótun þeirra. Skólakerfið verður því að gefa öllum börnum tækifæri til að þroska sjálfsmynd sína og læra að fullnægja þörfum sínum án þess að ganga á rétt annarra. Það getur verið verulegur ávinningur fyrir samfélag að nota meiri fjármuni til að útskrifa fleiri nemendur úr skólakerfinu með jákvæða sjálfsmynd. Jákvæð sjálfsmynd dregur úr þörf fyrir andfélagslega hegðun. Ábyrg hegðun er enn meiri nauðsyn nú á dögum þegar við ráðum yfir þekkingu sem getur haft grundvallaráhrif á afkomu alls mannkyns á skammri stundu. Skammtímasjónarmið geta oft verið freistandi en þá þarf að sýna ábyrgð og hugsa til framtíðar, gæta þess að skemma ekki möguleika þeirra sem á eftir koma hvort sem er í þröngu samhengi eða víðu.

Heimildir voru sóttar í eftirfarandi bækur og á vefsíðu

Bransford J.D., Brown A.L., Cocking R.R. 2000. *How People Learn Brain, Mind, Experience, and School*. National Academy Press. Washington DC.

Choice Theory AKA Control Theory. Sótt um slóðina <http://raider.muc.edu/~schnelpl/Control%20Theory%20-%20Overhead.html>

Glasser, W. 1986. *Control Theory in the Classroom*. Harper&Row Publishers. New York.

Glasser, W. 1998. *Choice Theory, A New Psychology of Personal Freedom*. HarperCollins Publishers. New York

Gossen, D. 2001. *Restitution. Restructuring School Discipline, Second Revised Edition*. New View Publications. Chapel Hill North Carolina.

Gossen, D., Anderson, J. 1995. *Creating The Conditions, Leadership for Quality Schools*. New View Publications. Chapel Hill North Carolina.

Kohn, A. 2001. *Beyond Discipline, From Compliance to Community*. Upper Saddle River, New Jersey. Columbus, Ohio.

MacGilchrist, B., Myers, K., Reed, J. 1997. *The Intelligent School*. Chapman. London.

*Jóna Benediktsdóttir er sérkennari
og formaður Félags áhugafólks um
Uppeldi til ábyrgðar—uppbyggingu sjálfsaga.
Jóna starfar í Jótadeild.*

Lítill börn með skólatöskur

Nýlega kom út bók um tengsl leikskóla og grunnskóla eftir dr. Jóhönnu Einarsdóttur prófessor við Kennaraháskóla Íslands, féлага í Gammadeild.



Menntun ungra barna á fyrsta áratug 21. aldar er viðfangsefni bókarinnar. Sjónum er beint að leikskólanum og yngstu bekkjum grunnskólans, tengslum þessara skólastiga og þeim breytingum sem eiga sér stað þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla. Rýnt er í ólíka sögu, hefðir og þróun skólastiganna og greint frá rannsóknum á kennsluaðferðum og starfsháttum í leik- og grunnskólum. Dregnar eru saman rannsóknir á sjónarmiðum helstu hagsmunaaðila.

Viðhorf barna til leikskólans og upphafs grunnskólagöngunnar eru skoðuð svo og

viðhorf foreldra gagnvart þeim breytingum sem verða þegar börn þeirra fara úr leikskóla í grunnskóla. Jafnframt er fjallað um viðhorf kennara og litið til kennsluaðferða og starfshátta sem henta báðum skólastigum. Bókina prýða ljóð sem lýsa hversdagslífi og hugarheimi barna eftir Vilborgar Dagbjartsdóttur en hún er einnig félagi í Gammadeild.

Bókin er ætluð kennurum í leik- og grunnskólum, kennaranemum, stefnumótunaraðilum og öðrum sem láta sig varða menntun yngstu borgarana.

Bókin er gefin út af RannUng (Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna) í samvinnu við Háskólaútgáfuna.



Afmælisgjöf

Í tilefni af 30 ára afmæli Gammadeildar var Fjölbrautaskólanum í Ármúla afhentur styrkur til kaupa á fleiri tækjum sem nýtast lesblindum nemendum skólans.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur um árabil stutt og aðstoðað nemendur með örðugleika í lestri- og skrift (dyslexia). Sérstakur kennslustjóri, Elín Vilhelmsdóttir, hefur yfirumsjón með málefnum nemenda, aðstoðar þá og er talsmaður þeirra innan skólans. Skólinn hefur lagt áherslu á að nemendur hafi aðgang að tækjum sem auðvelda þeim námið.

Margs konar tækni nýtist lesblindum:

- **Talgervill** sem er gervirödd sem les texta. Til er íslenskur talgervill, Snorri, en einnig er hægt að fá talgervila á ýmsum tungumálum.
 - **Skanni:** Texti er skannaður inn sem mynd sem er síðan breytt í bókstafi með aðstoð **tölvuforrita**, t.d. OmniPagePro12, og þá getur talgervill lesið textann
 - **Tölvuforrit**, s.s. leiðréttingarforrit og kennsluforrit.
 - **Upptökutæki** (diktafón) nýtist vel lesblindum sem eiga erfitt með að skrifa og muna hið talaða orð m.a. til að taka upp hugmyndir sem aðrir myndu skrá niður.
- Skönnunarpenni:** Notandinn strýkur pennanum yfir orðið, þá birtist orðið á skjá og sumir pennar lesa orðin upphátt og útskýra þau. Einnig eru til pennar sem hægt er að nota við þýðingar á 30 tungumálum. Skönnunarpennar eru enn ekki til fyrir íslenskt mál.



Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir kennari í FÁ, Ingibjörg Jónasdóttir form. Gammadeildar og Elín Vilhjálmsdóttir kennslustjóri í FÁ

Margrét Kristín Jónsdóttir, Betadeild

Nýbreytni á málabraut í Menntaskólanum á Akureyri



Á haustdögum var ég fengin til kynna á félagsfundi Beta-deildar þróunarverkefni það sem ég stýri við máladeild Menntaskólans á Akureyri. Þetta er í raun nýtt kjörsvið sem samanstendur af þremur þriggja eininga áföngum, þar sem ferða- og kynningarmál eru aðalviðfangsefnið og samþætt mörgum greinum.

Þetta nýja kjörsvið hefur vakið nokkra athygli og hlaut það meðal annars Evrópumerkið (European Label) í haust, sem er heiðursviðurkenning veitt á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Menntamálaráðuneytisins fyrir nýbreytni í tungumálakennslu. Verkefnið hefur einnig tvisvar fengið styrk úr Þróunarsjóði framhaldsskólanna.

Með þessum pistli langar mig að gefa ykkur örlitla sýn inn í þetta verkefni og hvetja aðrar konur til að segja frá nýjungum í starfi sínu.

Þessu þróunarverkefni var hrundið af stað fyrir nokkrum árum þegar ljóst var að finna þurfti leiðir til að sporna við fækkun nemenda á málabrautinni. Markmiðið var að byggja upp hagnýtt nám sem sameinaði margar námsgreinar svo sem erlend tungumál, íslensku, upplýsingatækni, sögu, landa-, og náttúrufræði og úr varð ný kjörsviðsgrein sem við kusum að kalla ferðamála-kjörsvið. Hefðbundnar náms- og kennsluáðferðir voru lagðar til hliðar en nemandinn sjálfur og námsferlið sett í forgrunn. Það þurfti að brjóta niður marga múra og spyrja sig ýmissa spurninga og ekki síst þurftu menn að vera tilbúnir að hugsa upp á nýtt ef ekki gekk sem skyldi.

Nemendur sinna ferðamála-kjörsviðinu einn dag í viku, á miðvikudegi. Tungumálin eru mörg, hefðbundnar kennslustofur verða að vinnusvæðum, kennarar eru að jafnaði fimm, þó sjaldan margir í einu. Frímínútur taka nemendur sjálfir þegar vel stendur á í vinnunni. Dagsplanið er fyrirfram ljóst, kennarar eru að mestu verkstjórar og koma inn eftir þörfum hópanna, oft vinna nemendur einir. Áhersla er lögð á að nemendur vinni sjálfstætt og skapandi. Þeir ráða einnig nokkuð mikið um verkefnavalið og hvernig þeir nálgast viðfangsefnið. Þetta er fyrst og fremst verkefnavinna sem unnin er út frá forsendum og áhuga nemenda en einnig tengist hún atvinnulífínu og samfélaginu í heild sinni og verður fyrir vikið alvöru verkefni í augum þeirra.

Nýlegar kannanir á meðal nemenda skólans sýna að þetta fyrirkomulag höfði til nemenda, þeir vilja vera virkir, skapandi og bera meiri ábyrgð og á þessu kjörsviði fá þeir ágætis tækifæri til þess. Töluvert er um hópa- og paravinnu en einnig eru einstaklingsverkefni sem gott er að grípa í ef hópavinna stöðvast eða tæknin bregst. Stundum eru fengnir gestafyrirlesarar t.d. úr ferðamála- og markaðsgeiranum og aðrir fagkennarar svo sem líffræði-, sögu- og jarðfræðikennarar koma líka inn eftir þörfum. Farið er í vettvangsferðir innanbæjar og innanlands með og án kennara, samstarf við erlenda skóla er nýtt þegar það gefst og gefur það náminu aukna vídd og möguleika. Hafa kennarar og nemendur m.a. farið til Þýskalands, Spánar, Portúgals, Slóvakíu, og unnið þar að sameiginlegum Evrópuverkefnum.

Námsmatið er í anda leiðsagnarmats, þar sem kennarinn kemur að verkefnum á öllum stigum og síðan er virkni nemenda, samstarfshæfni og vinnuferlið í heild sinni metið. Lokapróf eru engin. Nemendur læra að meta sitt eigið vinnuframlag, svo og vinnufélaga sinna.

Vinnuskýrslum skila nemendur svo í lok hvers vinnudags inn á kennsluumhverfið Angel, þar sem þeir fara yfir stöðu mála og velta fyrir sér framhaldinu. Kennarar skrifa einnig sína samantekt um dagsverkið og í lok vikunnar meta þeir stöðuna.

Ferðamála kjörsviðið byrjar á vorönn í 3. bekk og þá eru aðallega unnin kynningarverkefni um Akureyri og nágrenni á dönsku, ensku og íslensku svo sem bæklingar, dagatöl, glærusýningar með tali og einnig veita nemendur leiðsögn um ákveðna staði og atburði. Áhersla er á sögu og menningu. Á haustönn í 4. bekk er sjónum helst beint að Norðurlandi en þó má segja að Ísland allt sé viðfangsefnið. Í



Söguferð um innbæinn á Akureyri

þetta sinn eru aðalverkefnin tvö, annars vegar myndband á ensku og hins vegar kynningarvefur á tveimur til þremur málum og áherslan er á náttúru og landafræði. Á síðustu önninni snúa nemendur sér svo að öðrum löndum og fara auk þess í óvissuferð úr landi. Lokaverkefnið er kynningarmyndband um borg í Evópu. Þessi óvissuferð er vissulega hápunktur kjörsviðsins og mikil spennan byggist upp þegar nær dregur henni. Þegar þetta er ritað eru nemendur nýkomnir heim úr óvissuferðinni, alsælir og reynslunni ríkari. Þeir eru einnig með fullt af efni til að vinna úr og framundan er mikil og erfið

klippivinna, talsetning, þýðing og textavinna því í lok annar verða myndböndin að vera tilbúin. Mig langar að gera aðeins nánari grein fyrir þessari vinnuferð.

Í byrjun annar fengu allir nemendur úthlutað einni borg í þýsku- eða frönskumælandi landi (í þetta sinn 27 borgir) og útbjuggu mikla ferðahandbók um hana með það fyrir augum að verða fararstjóri ef farið yrði í þeirra borg. Nemendur voru síðan sendir til 7 borga sem voru Heidelberg, Frankfurt, Lübeck, Flensburg, Lille, La Rochelle og Nantes og fengu þeir ekki að vita nákvæmlega hvert þeir væru að fara né með hverjum fyrir en á flugvellingum í Keflavík. Það var því mikil spenna um morguninn þegar pakkinn góði var opnaður og skipulagið kom í ljós.

Ferðast var með flugvélum, lestum og rútum og þurftu nemendur að vinna vel þessa þrjá daga sem dvöl þeirra varði til að hafa nóg efni. Einnig er skylda að taka viðtöl við heimamenn á þeirra tungumáli til að glæða þetta meira lífi og vinna markvissar með tungumálin.

Auk þess að búa til kynningarmyndband um borgirnar fara nemendur í landafræðitíma í grunnskólum Akureyrar og nágrennis og kynna sínar borgir í máli og myndum. Þetta hefur reynst nemendum afar lærdómsríkt og treystir einnig böndin á milli þessara skólastiga.

Þessar breyttu áherslur í námi og kennslu kalla á mikla samþættingu og samvinnu alls hópsins og er afar mikilvægt að ganga að þessu verki með



Vettvangsferð að Hólum

opnum huga. Þessu hefur verið vel tekið af nemendum, öðrum kennurum og stjórnendum skólans og eiginlega virkað sem hvati til allsherjar sjálfskoðunar fyrir okkur öll og nú er svo komið að ýmis önnur fög eru farin að þróa svipaða áfanga og samþætting innan greina skólans hefur aukist töluvert.

Ekki er síður mikilvægt að samþættingin hefur aukið traust og samkennd í starfi því tilraunastarfsemin og áhættan sem henni fylgir eflir þátttökugleði og ábyrgðarkennd og hefur oft á tíðum dregið fram það besta í nemendum og kennurum.

*Margrét Kristín Jónsdóttir er námsgreinarstjóri
á ferðamálaáskjörsviði og þýskukennari við MA*

Fréttir af starfi deilda

Delta - deild

Við Deltakonur hófu starfsárið með hátíð í tilefni 20 ára afmælis deildarinnar. Við hittumst á Hótel Glym á föstudagssíðdegi, fórum í hópefli og áttum síðan yndislegt kvöld með mat og samveru. Svo á laugardeginum héldum við formlegan afmælisfund. Í tilefni afmælisins voru tvær félagskonur heiðraðar þær Gyða Bergþórsdóttir og Kristín R. Thorlacius.

Annars var þema vetrarins tónlist.

Við sóttum tónleika í Reykholtskirkju með Freyjukórnum ásamt Páli Óskari og Monicu. Og skemmtilegt að segja frá því að fjórar Deltasystur syngja með kórnum. Við skoðuðum nýtt húsnæði Tónlistarskólans á Akranesi sem er með einu fullkonnasta hljóðkerfi landsins og þó víðar væri leitað. Skólastjórinn sagði okkur frá helstu áherslum í starfi skólans og þeim möguleikum sem nýtt húsnæði býður uppá og svo litum við inn á æfingu hjá Þjóðlagasveitinni.

Við skoðuðum einnig nýtt húsnæði Tónlistaskóla Borgarfjarðar og sáum sýninguna Sígaunabaráóninn sem var sýnd í tilefni af 40 ára afmæli skólans og var sett upp undir stjórn einnar félagskonu Deltadeildar auk þess sem hún söng eitt af aðalhlutverkunum.

Við heimsóttum Etadeild í Reykjavík og hlustuðum á fyrirlestur Kristínar Vals um tónlistarkennslu – þar sem söngur salinn fyllir – sálir þroska má. Tvær Deltakonur þýddu enskan texta um Delta Kappa Gamma við fjörukt lag og var það sungið á fundinum auk laga sem kynnt höfðu verið á afmælisþingi DKG í Reykholti sl. vor. Á því skemmtilega þingi heyrðum við líka af góðri hugmynd sem við útfærðum í vetur hjá okkur, en það er að við skiptum okkur í hópa sem höfðu kynningar til að skerpa á ýmsum þáttum í starfi félagsins t.d. um markmið, tákni, styrki og tónlist.

Við gættum þess að halda í hefðir deildarinnar með happdrættinu okkar sem heldur uppi fjárhagnum og fundarliðnum sem ýmist er kallaður orð til umhugsunar eða mér er efst í huga, þar sem margt umhugsunarvert kom fram. Einnig reynum við að dreifa fundunum okkar um Vesturland sem er okkar svæði og að sameinast í bíla þegar farið er á fundi. Í vetur hefur fundarsókn verið mjög góð. Aðalfundur verður síðan haldinn í lok maí og þá tekur inn nýjar félagskonur.

Sigurveig Sigurðardóttir, formaður Deltadeildar

Gamma - deild

Hautfundur Gammasystra var heimsókn í Þjóðminjasafnið og Þjóðarbókhöðuna. Í Þjóðminjasafninu skoðuðum við ljósmyndasýningu um margbreytileika mannlífsins, Undrabörn, eftir bandaríska ljósmyndarann Mary Ellen Mark.

Einar Falur Ingólfsson myndstjóri Morgunblaðsins, ljósmyndari og blaðamaður fræddi okkur um líf og starf listakonunnar. Ferill hennar er afar fjölbreyttur, en meðal kunnustu verkefna hennar eru líf heimilisláusra ungmenna í Seattle, starf líknarstofnunar móður Teresu í Kalkútta svo eitthvað sé nefnt. Myndataka fyrir sýninguna Undrabörn fór aðallega fram í Öskjuhlíðarskóla, Safa-mýrarskóla og Lyngási, í góðri samvinnu við foreldra, kennara og skólastjórnendur sem og börnin sjálf, veturinn 2006 til 2007.

Á sýningunni voru einnig listaverk eftir nemendurna sjálfa sem Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastýra Myndlistaskóla Reykjavíkur var fengin til að velja. Ingibjörg fræddi okkur um hvað hún hafði í huga þegar hún valdi listaverkin.

Nokkrar konur skoðuðu einnig kvikmynd Martins Bell um Alexander, einn nemanda í Öskjuhlíðarskóla. Þetta var stórkostleg uplifun og góð byrjun á vetrarstarfinu.

Við færðum okkur yfir götuna og Stefanía tók á móti okkur í Þjóðarbókhöðunni, þar sem við fengum okkur dýrindis súpu og brauð. Eftir venjuleg fundarstörf, ýmsar tilkynningar og fróðleik um Evrópuþing og framkvæmdaráðsfund, sýndi Stefanía okkur vinnustað sinn, bókhöðuna.

Yfirskrift vetrarins var Samfelld starfsmenntun. Síðastliðinn vetur vorum við að fikra okkur yfir í umfjöllun um framhaldsskólann og yfir í starfsmenntunina í samfélaginu. Októberfundurinn var því

haldinn í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Jóhannes Einarsson skólastjóri tók á móti okkur og fræddi okkur um skólann og þróun iðnmenntunar. Það var mjög fróðlegt að koma í skólann og voru fjörugar umræður, sem héldu áfram á A. Hansen við kertaljós, súpu og notalegheit.



Við reynum að hafa sem flesta fundi í heimahúsi og var nóvemberfundurinn haldinn hjá Árnýju, sem auk þess fræddi okkur um símenntun í þjóðfélaginu. Gaf hún okkur mjög gott yfirlit yfir hve margþætt símenntun er orðin hér á landi og alveg ótrúlegt hve þetta hefur vaxið á síðustu árum.

Jólafundurinn var að þessu sinni haldinn hjá Gerði Óskarsdóttur. Þetta var hefðbundinn jólafundur, borðið svignaði undan jólabakstri Gammakvenna, skáðlkona kom að kynna nýútkomna bók, sem að þessu sinni var Vigdís Grímsdóttir. Rannveig Löve sagði okkur frá jólnum í gamla daga, við sungum jólasöngva undir handleiðslu Þórunnar og allir fóru með jól í hjarta út í vetrarveðrið.

Á febrúarfundinum, sem haldinn var heima hjá Björgu, var haldið áfram að kynna lagfrumvörpin. Að þessu sinni var það frumvarp um framhaldskólann og frumvarp um kennaramenntun. Framsögu áttu Kristín Jónsdóttir og Kristín Bjarnadóttir. Enn og aftur hefðum við getað talað saman inn í nóttina. Það er mjög áhugavert að fjalla um þessi frumvörp á þennan hátt með konum sem allar hafa mikla innsýn í fræðslu-
öslunmál og miklar skoðanir.

Marsfundurinn var haldinn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með Kappadeildinni. Ingibjörg Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri kynnti starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar og hélt erindi um raunfærnimat. Verið er að vinna mjög merkilegt þróunarstarf um leiðir til að meta raunverulega þekkingu og færni einstaklinga sem þeir hafa aflað sér með lífs- og starfsreynslu. Spennandi verður að fylgjast með hvernig hægt verður að fá þessa óformlegu þekkingu og færni metna til eininga í formlegri menntun (m.a. á framhaldskólastigi).

Apríl fundurinn ber yfirskriftina Konur í listum og rekstri. Við byrjum á því að hittast í hönnunarsetrinu Kraumi í Austurstræti. Halla Bogadóttir mun segja okkur frá hugmyndinni sem liggur að baki setrinu. Við færum okkur um set og heimsækjum Pikknikk, Grandagarði 8. Þar mun Áslaug Snorradóttur ljósmyndari sem rekur þennan stað fræða okkur um hugmyndina að baki Pikknikks . Við munum fá okkur að borða í ró og næði og svo lengi sem hver vill.

Aðalfundurinn verður í maí, stuttu eftir vorþingið. Fundir okkar eru því níu talsins í vetur. Munum við halda út í náttúruna, njóta samvista við hverja aðra og næra okkur á sál og líkama.



Ingibjörg Jónsdóttir, formaður Gammadeildar

Eta - deild

Etadeildin hóf sitt ellefta starfsár síðastliðið haust. Um vorið höfðum við fagnað 10 ára afmæli okkar, stuttu eftir 30 ára afmælisþing Landssamtaka Delta Kappa Gamma á Íslandi. Deildin hefur slitið barnsskónum, er komin á legg. Til marks um þroskann höfum við í Etadeild undangengin tvö ár beint sjónum inn á við, að starfsemi deildarinnar okkar og því sem við viljum standa fyrir sem Etakonur í Delta Kappa Gamma. Við höfum mótað okkur stefnu og lagt okkur starfsáherslur. Markmið Etadeildar til næstu framtíðar eru þessi:

- Að hafa forystu í faglegri umræðu
- Að efla innbyrðis tengsl okka
- Að velja verkefni utan deildar til að vinna að

Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan

Í vetur höfum við stigið fyrstu skrefin í að fylgja markmiðssetningunni. Konur í deilinni skipuðust í fjórar nefndir sem hver ynni að einu markmiðanna. Nefndirnar undirbjuggu einn fund hver, fyrsti og síðasti fundur vetrarins eru undirbúnir af stjórn deildarinnar.

Á fyrsta fundi vetrarins var nefndarstarfinu hrint af stað, konur völdu sér nefnd og hófu umræðu um starfið og hvernig unnið skyldi að markmiðum nefndarinnar. Annar fundurinn, í október, var í höndum nefndar um forystu í faglegri umræðu. Efni fundarins var fagmennska kennarans, framsögu hafði Auður Torfadóttir og voru síðan mjög líflegar umræður á eftir. Þriðji fundurinn var jólafundur, undirbúinn að nefnd um að auka samskipti

við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan. Sá fundur er með hefðbundnu sniði, haldinn í kennslueldhúsi Kennaraháskóla Íslands hjá Stefaníu V. Stefánsdóttur. Ingibjörg Haraldsdóttir skáld las fyrir okkur upp úr nýrri bók sinni sem fjallar um þroskaár hennar á Íslandi, í Rússlandi og á Kúbu. Í febrúar var fjórði fundur vetrarins haldinn á heimili Eyrúnar Ísfoldar Gísladóttur. Fundurinn var í



höndum nefndar um að efla innbyrðis tengsl okkar og var þetta í fyrsta sinn sem við höldum fund í heimahúsi. Segja má að hér hafi verið brotið blað í sögu deildarinnar. Eyrún fór með orð til umhugsunar og sagði okkur frá kettinum Mósa, sem var nýhorfinn yfir móðuna miklu, og lýsti söknuði fjölskyldunnar og því

hvernig í ljós kemur að það sem áður þótti sjálfsagt, reynist afar dýrmætt þegar þess nýtur ekki lengur. Fundurinn var vel heppnaður og líklegt að Etakonur muni á ný halda fund í heimahúsi – það treystir tengslin okkar enn frekar. Fimmti fundur deildarinnar var haldinn í mars og undirbúinn af nefnd um að auka samskipti við konur í öðrum deildum innan lands sem utan. Fundurinn var undirbúinn í samráði við Deltadeild á Vesturlandi og komu fjölmargar Deltakonur á fundinn. Efni fundarins var „Tónlistarkennsla í grunnskólum“ og flutti Kristín Valsdóttir okkur kraftmikið erindi um tónlistarkennslu og mikilvægi þess að allir grunnskólanemendur fái notið kennslu í tónlist. Orð til umhugsunar hafði Kristín Ágústa Ólafsdóttir og er hægt að lesa þau á öðrum stað í þessu fréttablaði. Fundinum lauk með samsöng sem Deltakonur stjórnðu. Það var mjög líflegt og skemmtilegt að blanda tveimur deildum á fundi með þessum hætti, full ástæða til að endurtaka slíkt bæði með Deltakonum og konum úr öðrum deildum.



(H)RÓS veitt: Vilborg, Ásta og Guðrún

Síðasti fundur vetrarins verður aðalfundur 22. apríl. Þá verða fimm nýjar konur teknar inn í deildina okkar. Við hlökkum til að fá þá góðu viðbót í hóp Etakvenna.

Í vetur höfum við bryddað upp á þeirri nýjung að veita konu í deildinni okkar viðurkenningu eða hrós fyrir áfanga, eftirtektarvert frumkvæði eða árangur sem jafnvel hefur verið getið á opinberum vettvangi. Við afhendum rós og því tölum við um (H)RÓS Etadeildar. Í vetur hafa eftirtaldir konur fengið H(RÓS): Auður Torfadóttir sem varð sjötug. Af því tilefni var gefin út fræðibókin *Teaching and Learning English in Iceland: In honour of Auður Torfadóttir* um enskukennslu á Íslandi og málþing haldið henni til heiðurs af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir sem fékk á síðasta ári viðurkenningu bandarísku starfsþróunarsamtakanna NCDA fyrir framlag til menntunar náms- og starfsráðgjafa og til stefnumótunar á sviði náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. Margrét Friðriksdóttir skóla-meistari sem tók við verðlaunagrip jafnréttisráðs úr hendi Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra fyrir skýra og virka jafnréttisstefnu Menntaskólans í Kópavogi gagnvart nemendum og starfsfólki. Vilborg Jóhannsdóttir sem undirbjó og heldur utan um starfstengt diplómunám fyrir fólk með þroskahömlun, en fyrir framlag þetta hlaut Kennaraháskóli Íslands Múrbrjótinn, viðurkenningu Landssamtakanna Þroskahjálp. Og loks Gerður Guðmundsdóttir sem varð sextug í mars, en Gerður hefur verið í framvarðasveit íslenskra tungumálakennara og hélt m.a. utan um Vettvangsnám handa tungumálakennurum þegar því var fyrst hleypt af stokkunum.

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, formaður Etadeildar

Beta - deild

Starf Betadeildar í vetur hefur verið líflegt og skemmtilegt og einkennst af góðri mætingu og samkennd félagskvenna. Á síðasta starfsári var gerð starfsáætlun til tveggja ára. Meginþema hennar var að kynna félagskonum nýjar stefnur og strauma í skólamállum auk þess að halda áfram að styrkja okkur sjálfar og efla samkennd meðal félagskvenna. Í vetur höldum við áfram á þessari braut og höfum kynnt okkur þróunarverkefni á framhalds-, grunn- og leikskólastigi.

Vetrarstarfið hófs með undirbúningi fyrsta fundar sem vera átti sameiginlegur fundur Zeta- og Beta-systra þann 6. október. Félagskonur ætluðu að hittast miðja vegu og fundinn átti að halda í Mývatnssveit. Mikil tilhlökkun var í Betakonum og var góð þátttaka en ekkert varð úr sameiginlegum fundi því veðrið setti strik í reikninginn og allt varð ófært og komust konur hvergi. Fundur var þó haldinn í Betadeild en hér á Akureyri kl. 10 f.h. eða á þeim tíma sem við ætluðum að leggja af stað austur í Mývatnssveit. Dagskrá var breytt í skyndi og var frásögn félagskvenna af Evrópuþinginu, í máli og myndum, aðalefnið fundarins.

Á jólafundum undanfarin ár höfum við kynnt okkur jóla- eða trúarsíði annarra þjóða og í ár buðum við Dusanka Kotaras á fundinn til að segja frá síðum og venjur fjölskyldu sinnar tengdar jólum og áramótum í grísk kaþólskum sið. Dusanka er úr hópi þeirra flóttamanna sem komu til Akureyrar frá fyrrum Júgóslavíu 2003. Það sem situr þó eftir í hugum okkar úr frásögn hennar eru lýsingar hennar úr flóttamannabúðum í Júgóslavíu þar sem hún dvaldi með börn sín í 10 ár áður en hún koma hingað. Á meðan hún dvaldi þar, í algærrri óvissu um framtíð sína og barnanna, var maður hennar á vígvellinum og hafði hún engar spurnir af honum þann tíma. Mjög áhrifamikil og lærdómsrík frásögn frá konu sem þrátt fyrir allt var sérstaklega glöð og þakklát fyrir þær aðstæður sem hún býr við í dag. Bókafundurinn árlegi var haldinn í janúar. Greinilegt var að Betakonur voru vel lesnar og kynntu fjölmargar áhuga-verðar bækur af ýmsu tagi. Lista yfir bækurnar má sjá á heimasíðu Betadeildar sem er tengd heimasíðu DKG.

Á þessu starfsári höfum við bryddað upp á þeirri nýjung að helga dagskrárliðinn „orð til umhugsunar“ svokölluðum „kliðfundum“ (nafnið er fengið frá Sigrúnu Jóhannsdóttur á framkvæmdaráðsfundi sl. haust). Þá er konum skipt upp í hópa til að ræða spurningu/ar, mínútur sem stjórnin leggur fram. Hópar hafa u.þ.b. 8 til að ræða saman og síðan eru niðurstöður hópa kynntar. Hóparnir hafa einnig skilað skriflegum punktum til stjórnar sem getur unnið með þær áfram. Spurningarnar hafa tengst starfsemi samtakanna og við lítum á afraksturinn sem gott innlegg til starfsins næstu starfsár. Nú erum við í óðaönn að undirbúa aðalfund sem jafnframt er lokafundur Betadeildar og verður haldinn í heimhúsi. Venja er á þessum fundi að kæta bragðlaukana og keppumst við þá hver um aðra þvera við að bera ljúffengar krásir á borð; sem stundum hafa svignað óþarflega þannig að hætta hefur stafað af.

Starfstíma þessarar stjórnar lýkur nú í sumar og ný stjórn tekur við taumunum. Við viljum þakka Delta Kappa Gamma systur fyrir gott samstarf og frábær kynni sl. tvö ár. Kveðjur frá Betadeild, við hlökkum til að sjá ykkur sem flestar á vorþinginu í Kópavogi

Stjórn Betadeildar

Kappa - deild

Kappadeildin okkar var stofnuð á 30 ára afmæli hjá Delta Kappa Gamma. Hún er 10. deildin sem stofnuð var innan samtakanna þann 28. mars 2007, en við erum við 28 konur í þessari deild.

Fyrsti fundurinn okkar var haldinn í leikskólanum að Norðurbergi í Hafnarfirði og þar kynnti Anna Sigurborg Harðardóttir leikskólastjóri starf leikskólans; lífsgildi og frábæra lífssýn hans, en hún er einnig í stjórninni hjá okkur. Við ákváðum að þema okkar þennan veturinn yrði MANNAUÐUR og fengum við Lindu Hrönn Helgadóttur, félagssystur og kennara í Hvaleyrarskóla til að flytja okkur hugleiðingu um mannauðsstjórnun á næsta fundi okkar, sem haldinn var í Hvaleyrarskóla, en Linda lauk námi í mannauðsstjórnun með miklum glæsibrag frá H.Í. nú í vetur. Á þriðja fundi okkar tók Anna Sigríður Einarsdóttir forstöðumaður Bókasafns Hafnarfjarðar og félagssystir okkar á móti okkur og sýndi okkur sitt fallega og metnaðarfulla safn. Þá var við hæfi að fá góðan gest og fyrir valinu varð Jónína Leósdóttir, rithöfundur sem las úr bók sinni: „Talað út um lífið og tilveruna“.

Á jólafundinn okkar sem haldinn var á fallegu heimili Erla Guðjónsdóttir félagskonu okkur fengum við leynigest, en það var enginn annar en Bergþór Pálsson söngvari og rithöfundur. Bergþór hafði nýverið gefið út bókina „Vinamót“ sem fjallar um veislur og borðsiði. Það var afar ánægjulegt að fá hann til okkar, við féllum allar í stafi og munum nú sóma okkur vel í veislum hjá hvaða þjóðhöfðingja sem er!

Í febrúar vorum við með fimmta fundinn í Háskóla Reykjavíkur, en Sigríður Hulda Jónsdóttir forstöðumaður stúdentþjónustu Háskólans og varaformaður vor tók þar á móti okkur. Það var afar ánægjulegt að koma í þessa merku og metnaðarfullu stofnun, en auk erindis Sigríðar Huldu hlýddum við á Sigríði Þrúði Stefánsdóttur félagskonu okkur og framkvæmdastjóri hjá HRM rannsóknir & ráðgjöf, en hún greindi frá tiltölulega nýstofnuðu fyrirtæki sínu og þá þjónustu sem það býður upp á. Stjórnin ákvað að hafa sex fundi á þessu fyrsta starfsári sínu, en í lok apríl munum við heimsækja félagskonu okkar hana Erlu Gunnarsdóttur, íþróttافرömuð. Hún mun leiða okkur áfram í göngu um nágrenni heimilis síns, en að því búnu munum við halda aðalfund, gleðjast saman og hlýða á hennar stórmerka starf í Grafarvoginum.

Við erum afar ánægðar að hafa tekið stökkið og fengið tækifæri til að starfa saman í þessari krafmiklu deild. Okkar markmið er að þroskast og eflast, og einnig kynnast hvor annarri betur. Innan vébanda okkar er mikið af glæsilegum konum, sem hafa miklu að miðla og eigum við þar enn hauka í horni, sem munu láta ljós sitt skína á komandi árum. Í þessum pistli er getið um Sigríði Huldu Jónsdóttur, varaformann, Önnu Sigurborgu Harðardóttur, meðstjórnenda, en auk þeirra eru í stjórninni Sólrún Alda Pétursdóttir, ritari og Margrét Elín Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Við þökkum Herthu Jónsdóttur, lögsögukonu okkar kærlega fyrir hennar störf og stuðning við okkur er við vorum að feta okkur áfram fyrsta árið. Við erum afar glaðar að hafa kynnst henni og haft hana okkur við hlið á þessu mótunarári okkar.

Marsibil Ólafsdóttir, formaður Kappadeildar

Jóta - deild

Þema vetrarins var heilsa í víðu samhengi. Við erum svo heppnar að hafa fjölhæfar konur í deildinni okkar. Þær hafa tekið að sér ýmis störf samhliða aðalatvinnu. Allar konur í deildinni hafa lagt sitt af mörkum til að gera fundina fræðandi, skemmtilega og mettandi.

Vetrarstarfið hófst á heimili Guðríðar Sigurðardóttur, þar fengum fræðslu hjá Jóhönnu Ásgeirsdóttur, á sykur-, ger- og glutenlausu fæði. Eftir þennan fund urðum við allar mjög meðvitaðar um að sykur og ger leynast í ótrúlegustu matartegundum og það er alls ekki sama hvernig mjöl, sætu- og lyftiefni notað er við bakstur.

Eftir að hafa kynnst mataræðinu var farið að huga að líkama og sál með því að reyna Rope Yoga (banda-jóga), hjá Guðrúnu Á. Stefánsdóttur. Það var merkilegt að kynnst áhrifum þess á líkamann og ekki síður á sálina. Fannst okkur við allar verða liðugri eftir tímann svo ekki sé minnst á vellíðunina sem leið um okkar allar eftir dásamlega slökun.

Á nóvemberfundinn fengum við í heimsókn Guðrúnu Gunnarsdóttur hjúkrunarfræðing á Ísafirði. Hún hefur starfað um árabíl við höfuðbeina- og spjaldhryggsmæðferð auk þess að útbreiða mikilvægi þess að huga vel að andlegu ástandi. Það er með ólíkindum hvaða áhrif streita og andlegt ójafnvægi geta haft á líkamlega heilsu fólks. Guðrún kynnti einnig fyrir okkur fyrirbærið Indigo-börn.

Það get ég sagt ykkur að oft kemur upp í huga minn eitt og annað sem fjallað var um á þessum fundi og ekki síður dásamlega bragðið af rauðrófusúpunni sem borin var fram. Fyrir fundinn var ég nefnileg ákaflega efins um ágæti heilunar. En þarna urðu ekki aðeins þáttaskil á viðhorfi mínu til heilunar heldur varð ég uppnúmin af því hvað rauðrófusúpa getur verið óskaplega góð.

Sem fyrr hófst nýtt ár á hinum ómissandi bóka fundi á heimili Guðrúnar Á. Stefánsdóttur. Þrátt fyrir slæmt veður og áhyggjur af heimferð áttum við frábæran og bráðskemmtilegan fund. Líkt og áður, skráðum við allar bækur sem kynntar voru á fundinum til að auðvelda deildarkonum að nálgast áhugavert lesefni.

Febrúarfundurinn var haldinn á bókasafninu í Grunnskólanum á Ísafirði. Þá gerðust þau gleðitíðindi að þrjár konur samþykktu að verða okkur samferða. Fögnum við þeim ákaft. Stefnan er tekin á að efla deildina enn frekar í haust. Það er með ólíkindum hvað Jótakonur koma okkur oft á óvart. Á þessum fundi fjallaði Guðríður Sigurðardóttir um mikilvægi hreyfingar og lagði áherslu á að það er ekki nauðsynlegt að stunda heilsuræktarstöðvar til að fá hreyfingu. Mest um vert væri að hreyfa sig eitthvað á hverjum degi, fara í göngutúra, gönguskíði, golf, skokka, fjallgöngur, sund og fleira og fleira. Hver og einn verður að finna það sem hentar. Einnig lagði hún áherslu á að láta ekki veður og færð aftra sér, klæða sig eftir veðri. Fara aðeins lengra í dag en í gær!

Aðalfundur Jótadeildar var haldinn um miðjan apríl í hinu sögulega Einarshúsi í Bolungarvík. Þar var kjörin ný stjórn og verður Edda Björg Kristmundsdóttir bókasafnsfræðingur formaður næstu tvö árin.

Steinunn Guðmundsdóttir formaður Jótadeildar

Vorþing

Delta Kappa Gamma
haldið í Menntaskólanum í Kópavogi
laugardaginn 17. maí 2008 kl. 9:30-15:30.

Heimurinn er heima Íslensk fjölmennning í lífi og starfi, námi og leik

Dagskrá:

9.30	Morgunhressing
10.00	Setning Anna Þóra Baldursdóttir forseti DKG
10.15	Nám og kennsla barna og unglunga í fjölmennningarlegu Samfélagi Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða
11.00	Kynning: Fjölmenningarsetur Elsa Arnardóttir framkvæmdarstjóri
11.20	Kynning á hlutverki innflytjendaráðs Kristín Jónsdóttir fulltrúi menntamálaráðuneytis í innflytjendaráði
11.40	Umræður
12.00	Matarhlé
13.00	Hvað þarf leikskólinn að hafa í huga í samstarfi og vinnu með foreldrum og börnum af erlendum uppruna? Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjóri vegna barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur
13.30	Kynning: Íslenskubrautin í Fjölbrotarskólanum í Ármúl Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir framhaldsskólakennari
14.00	Tækifæri í fullorðinsfræðslu innflytjenda Hulda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Mímis-Símenntunar
14:30	Umræður
14:50	Þingslit og veitingar

(Birt með fyrirvara um breytingar).

Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum

